

Nd.

265. Frumvarp til laga

um sölu og útflutning á vörum.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar.

2. gr.

Leyfi til útflutnings á íslenskum vörum, sem veitt hafa verið af ríkisstjórninni eða einstökum stofnunum fyrir gildistöku þessara laga, eru úr gildi fallin.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka löggildingu ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur falið nefnd, er hún skipar, að fara með það vald, er henni er veitt samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Með reglugerð, er ríkisstjórnin settur, er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, er við kemur framkvæmd þessara laga, þar á meðal um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 10 1. febrúar 1936, og bráðabirgðalög frá 29. ágúst 1939.

7. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100000 krónum, eða fangelsi ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals nr. 1 hér á eftir. Með bráðabirgðalögum 12. september 1939, sem prentuð eru á því fylgiskjali, voru bráðabirgðalög 29. ágúst 1939 numin úr gildi, og eru þau bráðabirgðalög prentuð sem fylgiskjal nr. 2 hér á eftir.

Fylgiskjal 1.

Bráðabirgðalög um sölu og útflutning á vörum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Atvinnumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að sökum ófriðarins, er nú geisar í Norðurálfu, þurfi ríkisstjórnin að hafa fullkomnara eftirlit með sölu og útflutningi á öllum þeim vörum, sem flytja á burt af landinu, en áður hefir verið.

Telur atvinnumálaráðherra, að brýn nauðsyn sé til þess að setja um þetta efni bráðabirgðalög, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar.

2. gr.

Leyfi til útflutnings á islenzkum vörum, sem veitt hafa verið af ríkisstjórninni eða einstökum stofnunum fyrir gildistöku þessara laga, eru úr gildi fallin.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka lög-gildingu ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur falið nefnd, er hún skipar, að fara með það vald, er henni er veitt samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Með reglugerð, er ríkisstjórnin setur, er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, er við kemur framkvæmd þessara laga, þar á meðal um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 10 1. febrúar 1936, og bráðabirgðalög frá 29. ágúst 1939.

7. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100000 krónum, eða fangelsi ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. september 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Fylgiskjal 2.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á vörum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Viðskiptamálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að sökum yfirvofandi ófriðarhættu sé þörf á heimild handa ríkisstjórninni til að banna útflutning á vörum. Verðum Vér að telja brýna nauðsyn til þess að setja bráðabirgðalög um þetta samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar. Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að banna að flytja út úr landinu vörur, sem hún telur nauðsynlegar. Ennfremur að upphefja áður veitt leyfi til útflutnings á þeim vörum, sem sérstakt leyfi ríkisstjórnarinnar hefir þurft til þess að flytja út.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða eða annara ákvæða, sem sett kunna að verða, varða sektum allt að 100000 krónum, og skal farið með mál út af þeim eins og almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á konungsskipinu „Dannebrog“ í Kaupmannahöfn, 29. ágúst 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.